

Rannsóknir á seiðabúskap Ormarsár og Deildarár 2008

Salmon in Ormarsá and Deildará 2008

Jón Kristjánsson

fiskifræðingur

Kroshömrur 7A,

112 Reykjavík

Símar: 587 9779, 892 7864

jonkr@mmedia.is

Reykavík apríl 2009

Inngangur

Seiði voru rafveidd í Ormarsá og Deildará dagana 11-12. júlí, sem er um 40 dögum fyrr en undanfarin ár. Svo virðist að það muni um 2 sm í vexti eins árs seiða, sem er þá vöxtur 40 daga. Rafveiðiskilyrði voru slæm, mikið vatn og þungur straumur.

Test fishing took place 11-12. July, 40 days earlier than usual. Length difference in 40 days are some 2 cm. Water was high, accordingly, fishing condition were bad.

Niðurstöður úr Ormarsá

Niðurstöður eru sýndar í töflu 1. Seiðabúskapur Ormarsár var nokkuð góður nema hvað nær ekkert fannst á neðstu stöðinni, neðan við brúna. Þar hefur reyndar alltaf verið lítið af seiðum, það er helst síðsumars að fundist hafa vorgömul seiði. Þau voru ekki komin upp úr mölinni í þetta skipti.

Parr situation was acceptable except at the lowest station (table 1).

Ormarsá:	11-12. júlí 2008		Aldur, age								
Stöð Site no.	Staður Place	Fatarmál Areal	0+		1+		2+		3+		Fj/100 m ² No/100m ²
		Fj	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	
1	Gamla vaðið	60			4	5.8	1	8.2			8
2	Bláskriða	120			12	5.4	1	8.4	1	11.7	12
3	Veiðist 14	100			5	5.6	4	8.1	2	11.1	11
4	N Foss	120	2	2.4	12	5.5	2	7.5	2	9.0	15
5	Veiðist 4	100			20	5.2			1	13.6	21
6	Brú	100	1	3.9	2	5.2					3
Sum:		600	3		55		8		6		12

Tafla 1. Niðurstöður rafveiða í Ormarsá 11. og 12. júlí 2008.

Result of the electrofishing in Ormarsá 2008.

Neðan við Arnastaðarvatn


Vet var 60 fermetra svæði, fremur lítið var af seiðum en talsverður gróður og mikið dýralíf á steinum.

Rather low density of parr, food supply good, insect larvae on stones.


Veiðistaður 4

Frekar lítið af seiðum nær eingöngu árs gömlum. Eins sást talsvert af stórum seiðum sem veiddust ekki vegna mikils straums.

Mostly 1+ parr, big parr observed but not caught due to high current.



Mynd 1. Lengdardreifing veiddra seiða í Ormarsá 2008. *Length distribution of all salmon parr caught in Ormarsá 2008.*



Mynd 2. Lengdardreifing seiða neðan við Foss. *Length distribution of salmon parr caught below the "Foss" in Ormarsá.*

Neðan við Foss

Þokkalegt af seiðum, aðallega eins árs, en einnig fundust seiði frá klaki í vor.

Normal to high densities, mostly 1+, 0+ also found.

Neðan Bláskriðu

Fremur lítið af seiðum en erfitt að veiða vegna straumþunga. nokkuð sást af stórum seiðum sem hrukku frá og náðust ekki.

Low density, high current difficult fishing conditions.

Niðurstöður úr Deildará

Veitt var í Deildará rétt fyrir ofan gömlu brúna. Þar var talsvert af seiðum aðallega eins og tveggja ára gömlum. Vöxtur seiða er þarna mjög góður.

Ekki var farið í efri Deildará. Í öllum rannsóknum í þverám ofan Deildarvatns hafa fundist laxaseiði í eðlilegu magni. Ekki er að sjá að grindin hafi nokkurn tíma hindrað eðlilega hrygningu laxa á svæðinu, enda er hún tekin upp síðari hluta september ár hvert, áður en laxinn fera að hrygna.

Undirritaður telur ekki nauðsyn á árlegum rannsóknum á tilvist laxaseiða í þverám ofan Deildarvatns, og óþarft að setja það sem skilyrði fyrir notkun ristarinnar.

*There were good population of parr above the bridge, good growth as usual. It was not fished in Upper Deildará. Previous investigations have always shown good population of salmon parr and **it is not necessary to sample the river every year.** It is my opinion that the fence in Deildará does not affect Salmon spawning in the tributaries to the lake.*

Jón Kristjánsson